

Reykjavík 8. ágúst 2008

## 56. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 KJÖRBRÉF OG GISTING

Til formanna hestamannafélaga.

### KJÖRBRÉF:

Kjörbréf eru send til formanna hestamannafélaganna, **sem fylla þau út og sjá síðan um að koma þeim til síns héraðssambands og/eða íþróttabandalags til undirskriftar** (sjá meðfylgjandi upplýsingar um nöfn og heimilisföng). Kjörbréfin eru númeruð þegar fleiri en eitt hestamannafélag er í hverju íþróttaumdæmi. Frágangur kjörbréfa verður að vera í samstarfi við Íþróttabandalög/héraðssambönd, **formenn geta ekki sjálfir skrifað undir bréfin**. Ef spurningar vakna, hafið samband við skrifstofu LH. Kjörbréf þurfa að berast skrifstofu LH eigi síðar en **15. september**.

### GISTING:

Margir gistimöguleikar eru á Kirkjubæjarklaustri og þeir sem vilja nýta sér gistinguna sem er í boði útfylli meðfylgjandi blað og sendi skrifstofu LH. **Frestur er til 15. september**. Vonandi fá allir þá gistingu sem þeir vilja en annars gildir reglan; „fyrstir koma fyrstir fá“ og verða gögnin dagsett um leið og þau berast skrifstofu LH. Eftir að fresturinn rennur út verður staðfesting um gistingu send til ykkar.

Veitingaaðilinn þarf einnig að fá tölu yfir fjölda í mat og kaffi, auk þingslitafagnaðar og bið ég ykkur að fylla út þann hluta eyðublaðsins þó að þið nýtið ekki gistimöguleikana.

Ég minni á að síðasti dagur til að skila inn tillögum fyrir landsþingið er 29. ágúst.

Bestu kveðjur,  
f.h. LH

Sigrún Ögmundsdóttir

Meðfylgjandi: Kjörbréf  
Upplýsingar um formenn héraðssambanda/íþróttabandalaga  
Eyðublað og upplýsingar um gistingu

**TOYOTA****ICELANDAIR** 